

1. Fræðilegur bakgrunnur

Í upphafi kaflans er fjallað um hugtökin einelti og áreitni og þau skilgreind. Þá er kafli um samskipti stúlkna. Fjórir undirkaflar eru um kenningar sem skýra hvers vegna stúlkur beita áreitni og einelti í samskiptum sínum, fjallað er um vinahópinn, einkenni árásaraðila og þolenda og afleiðingar slíkrar hegðunar. Kafli er um stuðning foreldra og annar um skólann og bjargir hans. Í lokin er samantekt og rannsóknarspurningarnar settar fram.

1.1 Skilgreiningar hugtaka

Einelti

Olweus skilgreinir hugtakið einelti, hann segir: „Einstaklingur er lagður í einelti ef hún eða hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil“ (Olweus, 1993, bls. 9).

Samkvæmt Olweusi telst það einelti ef einstaklingur verður fyrir áreitni af hálfu sama eða sömu aðila tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Olweus gerir mun á beinu og óbeinu einelti. Hann segir augljósar árásir á þolanda vera beint einelti en óbeint einelti feli í sér félagslega einangrun eða útilokun frá hópi, rógburð og lygar sem dreift er um þolanda (Olweus, 1993, bls. 9–10). Olweus segir beint einelti meira meðal drengja en bendir á að stelpur beiti helst óbeinum og útsmognum aðferðum sem erfitt er að koma auga á. Þar á hann við baktal, útilokun úr félagahópi og ýmis vélbrögð sem þær nota til að ræna bestu vinkonu frá annarri stúlkun. Einelti með orðum er þó algengasta form eineltis bæði hjá drengjum og stúlkum (Olweus, 2006, bls. 30).

Field o.fl. (2009, bls. 9) segja einelti vera eina tegund árásargjarnrar hegðunar sem geti falið í sér dulið áreiti eða einelti. Stúlkur nota oftast dulið einelti sem m.a. felst í því að þær baktala, uppnefna, mynda klíkur, útiloka, hunsa, beita brögðum til að geta stjórnað og þær vinna oft í gegnum netmiðla. Þá segja Field o.fl. (2009, bls. 8) að hugtakið einelti feli í sér áreitni (e. *aggressive*), líkamlega eða munnlega árás, gegn þeim sem eru „veikari“ þannig að gerandi hafi vald yfir einstaklingi eða félagslegri stöðu hans, jafningjum hans eða vinum.

SooHoo (2009, bls. 1) segir einelti ekki vera þá misbeitingu eða misþyrmingu sem skilji eftir brotin bein. Reynslan sem einstaklingurinn verður fyrir sviptir hann tilfinningum og birtist í formi umtals eða orðróms, þess að uppnefna, andlegra eða sálrænna áhrifa, svertunar mannorðs og félagslegrar útilokunar. SooHoo telur að einelti sé ekki endilega sýnilegt heldur dulið og óbeint. Field og félagar (2009, bls. 8–11) eru á sama máli þar sem þau vilja víkka út skilgreininguna á einelti.

Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar hófust fyrstu rannsóknir á duldu einelti (Field o.fl. 2009, bls. 9). Það er því ekki fyrr en á allra síðustu árum að athyglinni hefur verið beint að líðan stúlkna í íslenskum skólum og því dulda einelti sem sumar þeirra beita eða eru beittar.

Field o.fl. (2009, bls. 8) benda á að fjöldi rannsakenda hafi komist að því að einelti geti birst á fleiri vegu en skilgreint hefur verið. Dulda eineltið þar sem markmiðið er að eyðileggja einstakling tilfinningalega eða félagslega er dæmi um það. Fullorðnum og fórnarlambinu sjálfu getur yfirsést dulið einelti um tíma og það getur skaðað fórnarlambið mikið ef félagsleg staða og orðspor skipta máli og

eru þólandanum mikilvæg. Dulið einelti leyfir gerandanum að „birtast“ vingjarnlegur þó hann sé í laumi að ráðast á annan einstakling.

Skilgreiningarnar sem hér eru ræddar eru ólíkar, en sameiginlegt með þeim er að þær skilgreina einelti sem neikvæðan verknað sem stendur yfir í ákveðinn tíma. Olweus fjallar ekki sérstaklega um einelti stúlkna. Það gera hins vegar Field o.fl. (2009) og SooHoo (2009) sem um leið leggja áherslu á hið dulda, óbeina einelti sem stúlkur verða frekar fyrir en drengir. Þeirra skilgreiningar eru lagðar til grundvallar í rannsókninni. Þar sem þau segja að með duldu einelti sé markmiðið að eyðileggja einstakling tilfinningalega eða félagslega. Það er gert m.a. með því að koma af stað illu umtali eða orðrómi, uppnefnum, augngotum eða með félagslegri útilokun.

Skilgreiningarnar á hugtakinu einelti leiða okkur að því að skoða betur samskipti og hegðun sem tengjast einelti og koma fram þegar fjallað er um einelti stúlkna. Þar eru orð eins og áreitni og árásargirni notuð sem má tengja samskiptavanda stúlkna og félagslegri stöðu þeirra.

Áreitni

Erfitt hefur reynst að þýða þau ensku hugtök sem vitnað er til og unnið með í rannsókninni. Má þar nefna sem dæmi „*relational aggression*“ og „*social aggression*.“ Íslenskan á ekki alltaf orð yfir það sem enskan felur í sér. Íslensk þýðing á enska orðinu „*aggression*“ felur m.a. í sér orð eins og árásargirni og illska. Þetta eru „hörð“ orð, því verður orðið áreitni notað þegar fjallað er um þá merkingu eineltis sem unnið er með í rannsókninni, þ.e. dulið einelti.

Hér er gerð tilraun til að lýsa merkingu þeirra orða sem helst eru notuð í fræðunum og umræðunni um áreitni og samskiptavanda meðal stúlkna.

Dulin áreitni er fyrst skilgreind af Feshbach (1969) í þeim tilgangi að útskýra dulda hegðun, rógburð, þagnir eða útilokun sem mótvægi við þá áreitni sem felur í sér að sparka, lemja, öskra, hóta eða uppnefna (Crick og Grotpeter, 1995, bls. 711; Field o.fl., 2009, bls. 8). Orðið „samskiptaáreitni“ (e. *relational aggression*) var fyrst notað formlega árið 1996 af Crick og Grotpeter sem skilgreindu samskiptaáreitni sem hegðun sem ætlað er að skaða einhvern með því að skemma eða ráðskast með tilfinningar, vináttu eða vera með inngríp í vinahóp. Áratug seinna komu fleiri með skilgreiningar á sama veg þ.e. að ráðskast með eða trufla samskipti eða vináttu (Page og Smith, 2012, bls. 315).

Samskipta- og félagsleg áreitni (e. *relational and social aggression*) felur í sér dulda og óbeina áreitni. Rannsakendur hafa ólíkar skoðanir á því hvernig eigi að skilgreina þessi hugtök. Sumir hafa skipt þeim í tvennt, annars vegar samskiptaáreitni (e. *relational aggression*, RA) og hins vegar félagslega áreitni (e. *social aggression*, SA), en öðrum finnast hugtökin ná yfir það sama (Field o.fl., 2009, bls. 8–9).

Samskiptaáreitni hefur verið skilgreind af þeim Young, Nelson, Hottle, Warburton og Young (2011, bls. 24–25) sem erfiðleikar í vinatengslum sem verða vegna dulins eineltis eða stýrandi hegðunar. Þetta getur gerst með útilokun frá hópi (e. *social exclusion*), hótunum um að hætta að tala við vini (e. *silent treatment*), að dreifa slúðri eða slæmu umtali m.a. á netinu. Þessi tegund eineltis þar sem ráðskast er með einstaklinga með kænskubrögðum og lymsku er ekki sýnileg og birtist því ekki sem árásargjörn hegðun þar sem líkamanum er frekar beitt. Í gegnum árin hefur verið litið á samskiptaáreitni sem hluta af eðlilegri félagsmótun. Samt sem áður getur þetta form áreitni skaðað meira en líkamlegt ofbeldi gerir og verður því að líta á það sem einelti og árásargjarna hegðun. Þegar árásargjörn hegðun er skilgreind ætti að taka samskiptaáreitni inn í myndina (Dellasega og Nixon, 2003, bls. 9; Young o.fl., 2011, bls. 25–28).

Að mati Culotta og Goldstein (2008, bls. 21–22) eru samskiptaáreitni og líkamlegt áreiti á svipuðum nótum, þar sem í báðum tilvikum er byggt á einbeittum brotavilja gagnvart ákveðnum

einstaklingi en leiðin að markmiðunum er ekki sú sama, né einkenni árásaðila. Þeir sem beita líkamlegu áreitni gera það ekki af eins mikilli illkvittni eða skömm eins og þeir sem beita samskiptaáreitni og eru þess vegna frekar samþykktir af hópnum.

Fagfólki í skólum getur yfirsétt samskiptaáreitni vegna þess að betra er að skilja og átta sig á líkamlegu ofbeldi og takast á við það. Mikilvægt er að átta sig á afleiðingum samskiptaáreitni, einkennum og vísbendingum þannig að skólar geti unnið að skipulagi forvarna og komið á jákvæðum skólabrag.

Félagsleg áreitni er skilgreind sem hegðun þar sem leitast er við að skaða einstakling með því að ráðast á félagslega (e. *social*) eða kynbundna (e. *sexual*) stöðu hans. Þetta getur falið í sér að lítið er gert úr útliti viðkomandi, efast er um ákvarðanir hans, illt umtal eða ásakanir um að skaða mannorð. Ef árásin er nógu illkvittnisleg getur það leitt til þess að viðkomandi einstaklingur fer að efast um eigin tilvist. Félagleg áreitni getur falið í sér munnlegt áreitni sem gerir það að verkum að einstaklingurinn skammast sín, það er endalaust sett ofan í við viðkomandi eða farið í leiki þar sem gert er lítið úr honum. Augngotur, önnur svipbrigði eða líkamstjáning án orða leiða til lækkunar félagslegrar stöðu einstaklings í virðingarstiga eða til útilokunar frá hópi (Field o.fl., 2009, bls. 9).

Skilgreiningar þessara tveggja hugtaka, samskiptaáreitni og félagslegrar áreitni, eru svipaðar en þó er munur þar á. Samskiptaáreitni á sér stað þegar árekstrar verða milli einstaklinga sem skilgreina sig sem vini eða í litlum vinahópum. Félagleg áreitni á sér stað í stærri hópi, árgangi eða jafnvel skólanum sem heild og tengist gjarnan afbrýðisemi eða samkeppni vinkvenna t.d. um athygli drengja (Field o.fl., 2009, bls. 10).

Í rannsókninni er stuðst við bæði þessi hugtök þar sem Field o.fl. (2009) hafa kosið að gera það.

1.2 Samskipti stúlkna

Samskiptaáreitni meðal stúlkna er yfirleitt dulin og kennarar og foreldrar eiga oft í erfiðleikum með að koma auga á hana. Það að taka á samskiptaáreitni meðal stúlkna og líða hana ekki getur reynst erfitt og ógnvekjandi fyrir kennara, stjórnendur, foreldra og stúlkurnar sjálfar. Hluti af erfiðleikunum er hve lítil umræða hefur verið um samskiptaáreitni og erfið samskipti stúlkna (e. *girl to girl violence*) og vitund um það. Einnig háir að lítið er til af efni sem fjallar um þessi mál, ætlað starfsmönnum skóla og foreldrum.

Í skýrslu starfshóps um námsárangur drengja sem gerð var fyrir Reykjavíkurborg (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011, bls. 9) kemur fram að stúlkur, sérstaklega á unglíngastigi, sýna frekar kvíða, gefa til kynna vanlíðan, upplifa meira einelti og hafa mun minna sjálfsálit en drengir. Þessi áberandi neikvæða breyting virðist koma fram hjá stúlkum á milli 7. og 10. bekkjar. Á meðan yfirburðir stúlkna í náminu aukast á þessu sama tímabili kemur fram að líðan þeirra versnar til muna miðað við drengi. Kvíði meðal stúlkna eykst og svo virðist sem þær greinist með erfiðleika miklu seinna en drengir og kannski missa kennarar hreinlega af því þar sem þær draga sig meira til baka. Í skýrslunni kemur einnig fram að tengsl nemenda við skólann, starfsfólk og aðra nemendur, skiptir máli fyrir almenna líðan þeirra þar. Skuldbinding barna við nám og skóla hefur mikilvæg og jákvæð áhrif og dregur úr líkum á áhættuhegðun, svo sem vímuefnaneyslu og ofbeldishegðun (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011, bls. 19). Það er því mikilvægt að skólinn grípi inn í sem fyrst ef grunur er um vanlíðan, óæskilega eða árásgjarna hegðun. Þar sem nemendur sýna jákvæðni gagnvart skólanum og líður vel eru þeir alla jafna líklegri til að leggja meira á sig.

Kenningar um samskipti stúlkna

Hvers vegna beita stúlkur þessum aðferðum í samskiptum sínum? Hvers vegna beita stúlkur samskiptaáreitni? Þetta eru erfiðar spurningar en ýmsar kenningar hafa verið settar fram í leit að svörum og til skýringar á þessari framkomu stúlkna. Field o.fl. (2009, bls. 14–20) fjalla um fjórar kenningar sem þau segja að geti skýrt að einhverju leyti samskipti stúlkna.

Fyrst er það þróunarsálfræðin (e. *evolutionary psychology*) sem segir að í gegnum aldirnar hafi konur verið tilfinningalega tengdar hver annarri. Mikil samskipti þeirra hafi þjónað þeim tilgangi að vernda og ala upp börn og afla fæðu. Það að slúðra eða að tala um aðra hefur getað þjónað þörfinni fyrir nánd, vináttu og samskipti meðal þeirra. Náin samskipti og tengsl eiga sér stað innan fjölskyldna, kyngærðar væntingar eru gerðar til stúlkna og þær fara að fylgjast með mæðrum sínum og öðrum konum sinna umönnunar-hlutverkinu (Letendre og Smith, 2011, bls. 48). Hér má bæta við að SooHoo (2009, bls. 1) segir að stúlkur hafi í gegnum kynslóðirnar verið beittar samskiptaáreitni, reynslan og tilfinningin sem því fylgi, hafi flust frá móður til dóttur. Skemmdar ungar stúlkur verða skemmdar fullorðnar konur. Móðir sem vissi ekki hvað hún átti að gera gagnvart samskiptaáreitni þegar hún var ung, veit ekki hvernig hún á að höndla áreitnina sem fullorðin kona. Jafnframt eru margar konur sem ekki geta skorist í leikinn þegar dætur þeirra verða fyrir samskiptaáreitni þar sem þær halda áfram að vera þolendur áreitni meðal kvenna.

Önnur skýring þróunarsálfræðinnar er að þegar stúlkur nái kynþroska komi gjarnan upp keppni milli þeirra um hylli og athygli drengja sem geti leitt til þess að þær geri það sem þarf til að ná í „besta“ karlinn. Þróunarsálfræðin segir að stúlkur hafi þörf fyrir að keppa hver við aðra og kænskan í því að vera frábær (e. *great*) er að láta einhverja aðra líta illa út (e. *awful*).

Kerfisbundin félags- og menningarleg áhrif (e. *systemic (social and cultural) influences*) byggja á kenningum sem segja að stúlkum bjóðist fleiri tækifæri en áður og að þær hafi meiri möguleika á að verða valdamiklar og áhrifaríkar konur. Bent er á að ungar stúlkur fái óskýr skilaboð um það hvernig á að vera kona og hvaða hegðun kallist kvenleg. Sú félagsmótun sem á sér stað og tengist kynhlutverkum, það er hvernig stúlka lærir að verða kona, annars vegar í frumhópi (e. *micro*) þar sem fjölskylda og skóli skipta miklu máli og hins vegar í fjarhópi (e. *macro*) þar sem fjölmiðlar vega þungt, getur haft áhrif á það hvernig og hvort konur treysta hver annarri.

Félagsnámskenningar (e. *social learning*) segja að einstaklingurinn læri að virka í samfélagi með því að kanna og læra af öðrum. Þegar vinsæll einstaklingur eflist í ákveðinni hegðun er leitandi einstaklingur líklegri til að líkja eftir þeirri hegðun. Stúlkur sem eiga fyrirmyndir, sem sýna ákveðna hegðun, eru líklegri til að hljóta samþykki jafningjahópsins þar sem hegðun þeirra er fyrirsjáanleg. Þær nota hegðun sem aðrar nota. Þær stúlkur sem sýna fyrirsjáanlega hegðun eru gjarnan að reyna að þóknast einhverri í jafningjahópnum. Ef þær gera það ekki eiga þær á hættu að verða lagðar í einelti. Sumar stúlkur gera kröfur um samskipti út frá sínum eigin þörfum (Letendre og Smith, 2011, bls. 48). Aðrar stúlkur hafa komist að því að besta leiðin sé að forðast árekstra og velja því þá leið til að takast á við samskiptavanda.

Að lokum má nefna þroskaviðmið (e. *developmental perspective*) sem felur í sér að ungar stúlkur þurfa að hafa náð ákveðinni færni þegar þær komast á unglingsárin, jákvæð sjálfsmynd, heilbrigð vinátta, von og framtíðarmarkmið eru þar á meðal. Miklar líffræðilegar breytingar eiga sér stað hjá unglingsstúlkum, tilfinningalega, vitsmunalega og líkamlega. Vinir verða félagsmótunaraðilar og í jafningjahópnum verða félagstengslin oft mikilvæg. Á þessum aldri er mikið um samskipta- og félagslega árekstra og stúlkur beita áreitni sinni út frá eigin reiði og vonbrigðum, með fyrirsjáanlegum og samræmdum hætti tengt því hve margir vinir taka þátt í atburðum með þeim eða hjálpa til (Field o.fl., 2009, bls. 14–20).

Þessar kenningar sýna okkur að í gegnum aldirnar hafa konur þurft að reiða sig hver á aðra um leið og þær hafa tekist á. Afbrýðisemi og þörfin fyrir viðurkenningu, bæði meðal karla og kvenna, virðist einnig hafa fylgt konum og stúlkum. Nútímasamfélagið sendir stúlkum misvísandi skilaboð. Mörg tískutímarit og ýmsar sjónvarpsseríur sýna grunnhyggna og yfirborðs-kenndar konur sem uppteknar eru af útliti sínu og kynþokka á meðan annars staðar eru gerðar kröfur til þeirra um að standa sterkar og hafa skýr markmið að leiðarljósi. Fyrirmyndir unglingsstúlkna eru ekki valdamiklar konur sem byggja velgengni sína á þrautseigju og vinsemd við aðra heldur frægar söngkonur sem haga sér eins og kynþokkafullar skólastelpur og kvikmyndastjörnur sem skjóta úr hríðskotabyssum eða nota bardagaþróttir gegn óvinum sínum klæddar níðþröngum spandexgöllum (Dellasega og Nixon, 2003, bls. 3).

Kenningarnar segja okkur að stúlkur hafi mikla þörf fyrir að keppa hver við aðra og að falla í hópinn. Svo virðist sem konur hafi í gegnum tíðina, meðvitað eða ómeðvitað, stutt þá hegðun sem leitt hefur til erfiðra samskipta eða eineltis meðal stúlkna. Kenningarnar leiða okkur að því að skoða hvernig samskiptum stúlkna er háttað og hve mikilvæg samskipti þeirra eru þeim.

Stúlkurnar og vinahópurinn

Á unglingsárunum skipta viðhorf og háttalag jafnaldrar ekki síður miklu máli en viðhorf og háttalag fullorðinna. Með samskiptum við aðra prófar og kynnist unglingsmaður hliðum á sjálfum sér við ólíkar aðstæður og í vinahópnum fær hann tækifæri til að reyna mismunandi hegðun og viðhorf. Reynsla hópsins verður sameiginleg.

„Jafningjamening“ barna og unglinga lýtur að því að hafa áhrif á og afmarka leiðir sem þau nota til að byggja upp tilgang og gildi samskipta, hegðun og samskipti við aðra og átta sig á þeirri flóknu uppbyggingu sjálfmynda sem felst í því að ná tengslum við sjálfan sig og jafningjana. Mikilvægur þáttur þess er að læra og meta hlutverk og gildi þeirra fyrir framtíðina og hegðun á fullorðinsárum. Slík vinna fer að miklu leyti fram í vinahópnum, hópurinn byggir upp og viðheldur flóknum breytilegum virðingartögum og orðstír sem mældir eru að hluta til með „vinsældum“ einstaklinga innan hópsins (Read, 2011, bls. 2). Þau sem eru viðurkennd sem vinir hjá jafningjum eru talin „hátt sett“ innan ákveðins vinahóps, í stærri hópi eða árgangi innan skólans og geta sjálf hækkað stöðu sína innan hópsins. Í vinahópnum gilda oft sérstakar reglur, skoðanir og hegðun. Þar ræða unglingsmaður sameiginleg viðmið í hegðun og skoðunum og þar er ákvarðað hvernig þeir eru viðurkenndir og hvernig útlökadur úr hópnun, þeim er oft hafnað umsvifalaust af hópnun. Aukið sjálfstraust og öryggi fylgir því að vera viðurkenndur af hópi og því reyna margir unglingsmaður að gera ýmislegt, t.d. í fatavali eða hárgreiðslu, til þess að falla í hópinn (Besag, 2006, bls. 54; Garðar Gíslason, 1997, bls. 45–46).

Skilgreina má vinahópa stúlkna sem lokaða hópa náinna vinkvenna. Wiseman (2002, bls. 19) lítur á vinkonuhópinn sem einhvers konar „herflokk“ stúlkna sem tengist í þeim tilgangi að fara saman í gegnum unglingsárin og takast á við þær hættur og það óryggi sem þeim getur fylgt. Þær vinna saman sem ein í samskiptum sínum við aðra. Samloðunarkraftur hópsins byggir á trausti til leiðtogans og hugsunarhætti sem felst í „við og heimurinn“ eða „við og allir hinir.“ Stúlknaþópar setja skilyrði varðandi siðferði í hópnun sem byggja á væntumþykju, trausti og trúnaði. Stúlka sem sýnir ekki þessa eiginleika á það á hættu að verða útlökadur frá hópnun. Vinahópurinn er mikilvægari í hugum stúlkna en drengja og þær eru líklegri til að meta venskap við bestu vini af hvoru kyni sem er sem viðurkenningu á eigin stöðu (Remillard og Lamb, 2005, bls. 222). Það má segja að vinátan sé öllum nauðsynleg en mikill munur er á vinasamböndum drengja og stúlkna. Drengir mynda stærri hópa þar sem betra er að tilheyra hópi en að eiga besta vin, nán vinatengsl eru þeim ekki eins mikilvæg.

Algengast er að stúlkur myndi eitt til tvö nán trúnaðarsambönd sem öðrum er ekki veittur aðgangur að. Einnig geta þær stúlkur sem eiga í trúnaðarsambandi oft tengst öðrum vinkonuhópum og eru þá gjarnan sviptingar eða breytingar milli hópa. Margar stúlkur eru ákaflegar viðkvæmar fyrir því þegar vinkona „svíkur“ þær með því að tala við aðrar stúlkur eða eignast kærasta. Tryggð er mjög mikilvæg og það hefur áhrif á vináttuna þegar vinir svíkja eða slúðra. Mikil særindi geta orðið þegar stúlku finnst vinur hafa svikið sig. Meðal stúlkna skipta vinsældir og vinátta öllu máli (Garðar Gíslason, 1997, bls. 46; Letendre og Smith, 2011, bls. 52–53; Read, 2011, bls. 2–3). Því nánari sem stúlka er vinum sínum þegar samskiptaáreitni á sér stað því særðari verður hún. Hún verður oftast jafn nán þeim eftir á, því nánd á þeim tíma sem samskiptaáreitni verður getur sagt fyrir um þá nánd sem felst í vinskapanum (Remillard og Lamb, 2005, bls. 226–227).

Afleiðingar þess að vera óvinsæl geta verið alvarlegar, ógnin sem því fylgir og það að eiga á hættu að verða fyrir einelti eða ofbeldi. Hættan á að verða óvinsæll vegna þess að einhver er stimplaður „nörd“ eða „lúði“ fylgir nemendum í grunn- og framhaldsskólum (Read, 2011, bls. 2). Stúlkur þurfa að takast á við þær flóknu væntingar sem félagslegt umhverfi skólans felur í sér. Oft leiðir það til særðra tilfinninga eða varnarleysis, sérstaklega ef stúlkann er ekki hátt skrifuð í vinsældapíramídanum. Lítið er á samskiptaáreitni sem leið til að hækka félagslega stöðu. Ef vinsæl stúlka er sýnilega árásargjörn, leiðir það aðrar stúlkur sem leita vinsælda til að líkja eftir henni, hún verður fyrirmynd (Letendre og Smith, 2011, bls. 53).

Til að átta sig betur á samsetningu vinahópa stúlkna er áhugavert að skoða rannsókn De Bruyn og Cillessen (2006) þar sem vinsældir og námsgeta stúlkna var könnuð og aðild þeirra að eineltismálum. Gengið var út frá því að rannsóknir hafi sýnt að unglingsstúlkur sem eru vinsælar meðal jafningja og eigi marga vini, komi yfirleitt vel út í rannsóknnum sem mæla velgengni í námi. Bent var á að fleiri rannsóknir sýni að stúlkur nái vinsældum vegna námsárangurs og jákvæðni gagnvart námi en aðrar rannsóknir eru til sem hafa sýnt hið gagnstæða og vildu rannsakendur kanna það. Rannsóknin var gerð í Hollandi. Þátttakendur voru um 800, meðalaldur þeirra var rúmlega 13 ár. Áhersla var lögð á að skoða stúlkurnar sérstaklega. Þá voru 33 umsjónarkennarar fengnir til að svara spurningalistum (De Bruyn og Cillessen, 2006, bls. 441–444).

Þegar niðurstöður voru túlkaðar var stúlkunum skipt í fimm hópa.

- 1 Vinsælar, námsfúsar stúlkur (e. *popular studious*). Í þessum hópi voru 41% stúlkanna. Það sem einkenndi stúlkurnar var iðni og að þær voru yfir meðallagi í námslegri getu og félagslegri virkni.
- 2 Vinsælar, áhugalausar stúlkur (e. *popular disengaged*). Þangað röðuðust 16% stúlkanna. Þessar stúlkur voru sinnulausar gagnvart námi en stóðu sig þokkalega. Samnemendum þóttu stúlkurnar taka lítið eftir í námi, vera hirðulausar. Þessar stúlkur voru álíka virkar í félagsstarfi og vinsælu námsfúsu stúlkurnar.
- 3 Í meðallagi vinsælar stúlkur (e. *average popular*). Það voru 15% stúlkna sem fylltu þennan hópi. Þessar stúlkur voru um miðjan hóp hvað varðar félagslega virkni og almennan áhuga á námi. Þær stóðu samhliða fyrsta hópnum hvað varðar námsgetu en voru ekki eins iðnar og reyndu að koma sér hjá verkefnum.
- 4 Óvinsælar, áhugalausar stúlkur (e. *unpopular disengaged*). Um 11% stúlkanna voru í þessum hópi. Þær voru undir meðallagi í félagslegri virkni og sinnulausar gagnvart námi.
- 5 Óvinsælar, námsfúsar stúlkur (e. *unpopular studious*). Í þennan hóp röðuðust 17% stúlkanna. Þessar stúlkur skoruðu lægst hvað varðar félaglega virkni en stóðu sig afskaplega vel í námi.

Í tveimur fyrstu hópnum eru stúlkur sem teljast vinsælar að mati bekkjarsystkina. Stúlkurnar í fyrsta hópnum eru jákvæðar gagnvart námi en stúlkurnar í hinum vinsæla hópnum sinna bóknámi lítið. Stúlkurnar í hópi eitt haga sér vel og fylgja tískunni meðan stúlkurnar í hópi tvö sýna andfélagslega

hegðun og eru oft sagðar beita samskiptaáreitni eða leggja í einelti. Þetta kemur þeim félögum ekki á óvart þar sem þeir segja að stúlkurnar í hópi eitt hafi hærri einkunnir en hinar og telja það skipta máli. Rannsakendur veltu fyrir sér hvers vegna þessar stúlkur beita samskiptaáreitni frekar en aðrar og sýnilegasta svarið virðist vera, vinsældir. Vinsældirnar stafa m.a. af því að þær beita „Machiavellisma“ (eru lævísar, undirförlur og nota brögð sem eru hafin yfir siðferði). Þegar þær leggja í einelti beita þær „Machiavellískum“ brögðum til að fá það sem þær girnast eða komast þangað sem þær langar. Vinsældir vinsælu námfúsu stúlkanna stafa af því að þær standa vel í flestu sem þær taka sér fyrir hendur. Það leiðir til þess að þær hljóta viðurkenningu, lof, aðdáun, öfund og vald. Óvinsælar námfúsar stúlkur voru oftast nefndar sem þolendur samskiptaáreitni. Rannsókn De Bruyn og Cillessen (2006, bls. 441–444) sýnir að stúlkur geta náð vinsældum þó þær séu ekki námslega sterkar. Það má segja að niðurstöður SooHoo (2009, bls. 1) styðji þetta þar sem hún segir að árásgjörn hegðun eða samskiptaáreitni meðal stúlkna ákvarðist af hve mikilsmetin eða virt stúlkann er í hópnum. Samskipti stúlkna byggja á félagslegri stéttskiptingu, forréttindum og undirokun.

Til að varpa ljósi á vinsældir og virðingu stúlkna má skoða hlutverk þeirra innan hópsins til að útskýra eða átta sig á áreitninni sem stúlkur beita, þar sem hún á sér oft stað í nánnum vinahópi. Hlutverkin hafa verið skilgreind á eftirfarandi hátt (Senn, 2008, bls. 25; Wiseman, 2002, bls. 24–36):

- *Drottningin*: Hún hefur mestu völdin og er vinsælust í vinahópnum. Ekki má vanmeta vald hennar yfir öðrum stúlkum. Hún er mjög fær í því að forðast ratsjá fullorðinna.
- *Sú fylgispaka*: Vinkonan sem aðstoðar og stendur með drottningunni. Hennar vald er háð vilja drottningarinnar.
- *Framapotarinn*: Vill vera valdamest og vinsælust og vinnur oft „skítverkin“ fyrir drottninguna.
- *Slúðrarinn*: Leitar eftir valdi með því að leita upplýsinga um stúlkur sem hún síðan deilir til annarra, til að bæta stöðu sína.
- *Sú rótlauslausa*: Hún kemur og fer á milli vinahópa en leitar ekki eftir valdi.
- *Gerandinn*: Notar sýnilegt eða líkamlegt ofbeldi til að öðlast vald.
- *Polandinn*: Verður fyrir sýnilegum árásum og félagslegri áreitni, getur reynt að breyta sér til að falla í hópinn.
- *Áhorfandinn*: Verður vitni að árásum, er oftast of hrædd til að segja frá og standa gegn þeim sem hefur valdið.

Að mati Senn (2008, bls. 25) geta þessi hlutverk hjálpað okkur að sjá fyrir samskiptaáreitni og áhrifin í vinahópnum. Sumar stúlkurnar fara í ríkjandi hlutverk í hópnum meðan aðrar verða lægra settar og undirgefnar. Þær geta skipt um hlutverk en það gerist yfirleitt í upphafi skólaárs þegar nýir nemendur koma í skólann. Það sem vekur athygli við þessi hlutverk er að það virðist engin stúlka vera í hlutverki verndara eða þess sem stendur með þolandanum, markmið allra er að þóknast drottningunni. Það er slæmt að þolandi geti ekki treyst á einhverja vinkonu í hópnum til að standa með sér gagnvart því áreiti sem hann verður fyrir.

Remillard og Lamb (2005, bls. 228) benda á að sumar rannsóknir sýni að það geti komið ýmislegt jákvætt út úr samskiptaáreitni sem efli vinahópinn. Slúður getur leitt til aukinnar samstöðu í hópnum, hópurinn skilgreinir gildi sín upp á nýtt, félagslegar upplýsingar verða skýrari, hægt er að fá aðstoð til að vinna með persónuleg vandamál og að stúlkurnar ná áttum og vinna í sjálfum sér. Jafnvel þó að það séu sárindi og reiði hafa stúlkurnar leið til að vinna með samskiptin þannig að vinskapurinn helst þrátt fyrir leiðindin.

Samskiptaáreitni meðal stúlkna er oftast dulín og erfitt að átta sig á henni. Starfsfólk skóla og foreldrar þurfa að leggja sig fram um að átta sig á hegðun stúlkna og koma þannig í veg fyrir að þær beiti áreitni. Skapa þarf nemendum jákvætt félagslegt umhverfi þannig að öllum líði vel, ef

skólabragur er jákvæður þrífst síður einelti, samskiptaáreitni eða óæskileg hegðun (Rigby, 2012, bls. 344).

Einkenni gerenda og þolenda samskiptaáreitni

Erfitt getur verið að átta sig á samskiptaáreitni og greina þolendur eða gerendur. Að koma af stað kjaftasögum er minna áberandi en að vera laminn eða hrint þar sem engar líkamlegar sannanir eru fyrir hendi. Því getur nemandi sagt: „Hvað, ég gerði ekki neitt!“ og fullorðnir samþykkja yfirleitt þá staðhæfingu. Nemendur sem nota samskiptaáreitni fela hegðun sína fyrir fullorðnum. Gerandinn getur notað hótanir um hefnd ef þolandinn lætur einhvern fullorðinn vita, getur neitað ásökunum, sem er auðvelt þar sem hegðunin sést sjaldnast, eða hægt er að túlka hana sem einstakt atvik áreitni (Young o.fl., 2011, bls. 26–28). Upplifa má samskiptaáreitni á marga vegu innan skólans, án þess að vera gerandi eða þolandi slíkrar hegðunar, m.a. með því að vera verndari eða vitni að áreitni í samskiptum. Það þarf því að skoða fleira en samskipti árásaraðila þegar áreitni er könnuð (Goldstein, Young og Boyd, 2008, bls. 643).

Einstaklingur sem verður fyrir höfnun getur gert tilraun til að skaða samskipti jafningja í þeim tilgangi að veða upp á móti eigin skorti á velgengni í vinasamböndum. Sá sem upplifir einsemd og á erfitt með að fá viðurkenningu jafningja getur notað samskiptaáreitni sem leið til að gjalda í sömu mynt gagnvart jafningjum. „Þú útilokar mig, nú gerumst við jöfn og ég útiloka þig.“ Líklegt er að þrætugjarnir einstaklingar teljist leiðinlegir af jafningjum. Það getur einnig átt við einstaklinga sem eru neikvæðir að eðlisfari og getur leitt til þess að þeir verði skotmörk þeirra sem beita samskiptaáreitni (Crick og Grotpeter, 1995, bls. 718–720).

Þegar samskipti stúlkna eru skoðuð kemur í ljós hve flókin og margbreytileg þau eru. Boyer segir áreitni í samskiptum stúlkna þróast í gegnum ferli, stig af stigi (2008, bls. 346). Fyrsta stigið er blindni (e. *initial blindness*). Fjölskyldan og aðrir sem tengjast stúlku sem er þolandi átta sig ekki á afleiðingum ofbeldisins eða eru ómeðvituð um þau einkenni sem þeim fylgja eins og einbeitingarskortur. Þessi blindni leggur grunninn að þeirri áreitni sem fylgir. Síðan kemur ágreiningur um orðspor (e. *reputational conflict*). Þá metur skólinn virkni og hæfni nemandans og vinsældir meðal jafningja og sér ekki hvernig gerandi er að misnota þolanda með því að fá hann t.d. til að gera heimaverkefni fyrir sig. Foreldrar segja aftur á móti að það að vera vinsæll taki tíma frá námi og því að ná árangri. Þessi ágreiningur getur haft áhrif þar sem erfitt er að halda jafnvægi í samskiptum við skóla og kennara, fjölskyldu og vini. Þolandi veit ekki til hvers er ætlast. Næstu stig verða til þegar þolandi hættir að þóknast geranda. Áreitnin verður þróaðri og úthugsaðri, þögul áreitni (e. *silent aggression*) gerir þolandann hræddan, hann fær óbeit á sjálfum sér og sýnir tómlæti. Því næst grípur gerandi til hispurslausrar áreitni (e. *outspoken (verbal) aggression*), þar sem gerandi dregur úr vinsældum þolanda, eyðir hlutverki hans eða stöðu í hópnum og gerir lítið úr gáfnafari, útliti, geðfeldni eða félagslegri stöðu. Þolandinn verður ruglaður, þögull, niðurlægður og tekur allt nærri sér. Þá beitir gerandi líkamlegri áreitni (e. *physical aggression*), fyrst dulið en fer síðan að beita henni opinskátt og er ekki hræddur við að nást vegna þess að hann hefur komið sér í mjúkinn hjá skólayfirvöldum. Hótanir gagnvart stuðningsaðilum og fjölskyldu (e. *threat to victim support*) er síðasta stigið sem Boyer (2008, bls. 346) útlistar. Þessari áreitni er gjarnan beint að fjölskyldu þolanda og því fylgja jafnvel hótanir um dauða. Á þessu stigi áttar gerandinn sig gjarnan á hættunni á því að til hans sjáist, eða hann náist.

Þetta ferli sem Boyer (2008) setur fram getur nýst kennurum og foreldrum að einhverju leyti til að átta sig á áreitni og einkennum stúlkna sem beita eða eru beittar samskiptaáreitni.

Boyer (2008, bls. 346) spyr hvort samskiptaáreitni stúlkna verði til vegna þess að skólayfirvöld, stúlkurnar og fjölskyldur þeirra verndi þær og haldi því fram að stúlkur geti ekki beitt hver aðra ofbeldi eða áreitni. Hún vill að tekið verði á þeim fordómum sem tengjast ofbeldi og útilokun meðal stúlkna. Það verði að endurmeta og skoða fjölda þeirra mismunandi atburða (áreitni) sem koma upp. Hve oft nær ágreiningur að stigi þrjú, þöglum ágreiningi eða líkamlegri áreitni, áður en leitað er aðstoðar eða hún fengin? Hve oft fæst niðurstaða eða að hennar sé leitað í samvinnu við stúlkurnar, fjölskyldur þeirra eða skólann?

Það eru fleiri sem hafa skoðað áreitni í samskiptum stúlkna og reynt að greina þau. Þar á meðal eru Page og Smith (2012) sem gerðu rannsókn á Nýja Sjálandi. Tekin voru viðtöl við um 300 unglingsstúlkur og 15 kennara þeirra. Stúlkunum var raðað í þrjá flokka: Vinsælar stúlkur (e. *popular girls*), venjulegar stúlkur (e. *regular girls*) og erfiðar, harðskeyttar stúlkur (e. *tough girls*).


Vinsælar stúlkur eru sagðar samþykktar (e. *well accepted*) bæði af öðrum stúlkum og kennurum, þær eru kvenlegar og daðra við stráka, eru jafnvel fjöllyndar. Þær leitast við að stjórna hópnum og fara dult með félagslega áreitni sína. Vinsælar stúlkur eru taldar meira aðlaðandi en aðrar stúlkur og virðast koma úr efnaðri fjölskyldum. Þær fara sínar eigin leiðir og meta sig sjálfar þannig að þær séu „þokkalega vinsælar, yeah.“

Venjulegar stúlkur falla utan vinsæla hópsins og erfiða hópsins. Um þær voru notuð orð eins og venjulegar, meðal og eðlilegar. Þær eru í meðallagi vinsælar og eru síður aðlaðandi í samanburði við vinsælu stúlkurnar. Meirihluti stúlkanna sem rætt var við töldu sig venjulegar.

Erfiðar stúlkur eru „cool,“ harðskeyttar og óvinsælar. Félagsleg áreitni þeirra er sýnilegri en hinna. Þær daðra við stráka og eru fjöllyndar, síður kvenlegar og klæðast efnismiklum fötum, gallabuxum og hettupeysum. Þær eru líklegar til að hóta líkamlegu ofbeldi, koma úr lægri stéttum samfélagsins og leita eftir að stjórna hópnum. Þær vernda þá ímynd sína að vera andfélagslegar (Page og Smith, 2012, bls. 323–325).

Eftir samtöl Page og Smith (2012) við stúlkurnar sem tóku þátt í rannsókninni kom í ljós að stúlkur nota samskiptaáreitni í miklu mæli. Bein munnleg samskipti eru þar algengust. Þær eru einnig líklegar til að reyna að koma áreitninni yfir á aðrar stúlkur, þær kenna öðrum um. Stúlkurnar virðist skorta ábyrgðartilfinningu gagnvart gjörðum sínum sem leiðir gjarnan til málamiðlunar þegar þær beita samskiptaáreitni. Þær líta ekki alltaf á sig sem árársaðila. Stúlkurnar segja að sennilega muni þær ekki segja frá samskipta-áreitni þrátt fyrir að þær viðurkenni að það að tala við einhvern fullorðinn eða góðan vin geti haft jákvæð áhrif í þá átt að staðsetja eða átta sig á þeim vanda sem er í hópnum.

Page og Smith (2012, bls. 324) setja fram líkan þar sem lýst er einkennum þeirra stúlkna sem beita samskiptaáreitni, gerendum. Höfundar telja að bæta megi líkanið með frekari rannsóknnum um áreiðanleika og réttmæti og þá gætu kennarar notað það til þess að átta sig á einkennum árársaðila og hafið inngríp í samskipti samkvæmt því.



Mynd 1 Um áreitni og einkenni þeirra sem henni beita (Page og Smith, 2012, bls. 324)

Hér að framan eru settar fram tvær kenningar þar sem einkennum þeirra sem beita áreitni er lýst. Þetta eru ólíkar nálganir en geta hvor um sig nýst til að skanna hópinn og til að átta sig á þeim sem nota á einhvern hátt ólíðandi hegðun og samskipti.

Afleiðingar samskiptaáreitni og eineltis

Flest ungt fólk upplifir einhvern tímann að verða fórnarlömb samskiptaáreitni eða eineltis sem veldur þeim þjáningu og vanlíðan en þarf ekki að valda skaða til lengri tíma.

Afleiðingar eineltis koma strax í ljós að mati Olweusar (2006, bls. 27). Hann segir að þeir nemendur sem lagðir eru í einelti verði óhamingjusamir og daprir. Þeir sýni ótta og angist og þrói með sér líkamleg einkenni á borð við höfuðverk, magaveiki eða jafnvel átraskanir. Þeir eigi erfitt með einbeitingu og missi gjarnan áhuga á námi. Sjálfsmynd þeirra laskast og þeir líta á sig sem heimska, glataða og óvinsæla. Langtímaáhrif eineltis geta falist í því að einstaklingur glímir við lélega sjálfsmynd, þunglyndi og kvíða, höfnun og einmanaleika og í alvarlegustu tilfellunum getur þolandinn sýnt aukna áhættu á sjálfsvígi. Þessir nemendur sýna samt sem áður öðrum mikla samúð (Esbensen og Carson 2009, bls. 210–214).

Samskiptaáreitni virðist hafa áhrif á þroska gerenda og þolenda og getur tengst ólíkum þáttum sem snúa að andlegri heilsu, eins og kvíða, þunglyndi, vímuefnanotkun og því að takast á við félagslegt umhverfi. Þá getur samskiptaáreitni leitt til aukinna fjarvista frá skóla og nemendur geta litið svo á að skólaumhverfið sé þeim hættulegt (Crick og Grotmeter, 1995, bls. 720; Goldstein o.fl., 2008, bls. 642, 649).

Young o.fl. (2011, bls. 25) hafa skilgreint afleiðingar samskiptaáreitni jafnt fyrir þolendur sem gerendur.

Afleiðingar samskiptaáreitni:

Þolendur

- Upplifa neikvæðar tilfinningar, þunglyndi, einmanaleika og lágt sjálfmat.
- Meiri líkur á að vera hafnað af jafningjum.
- Forðast félagslegar aðstæður vegna kvíða og hræðslu um neikvæða reynslu.
- Eiga erfitt með samskipti við jafningja og hafa síður frumkvæði að þeim.
- Geta átt í erfiðum samskiptum við vini, fleiri árekstrar og útilokun, sérstaklega ef stúlkurnar eru fórnarlömb náinna vina.

Gerendur

- Reynsla af neikvæðum málalokum, þunglyndi og félagslegri einangrun.
- Meiri hætta á höfnun jafningja.
- Lítil gæði í vinasamböndum sem einkennast af miklum átökum og útilokunum, borin saman við samskipti þar sem engin átök eru (e. *nonaggressive children*).
- Upplifa minni lífsgæði, neikvæð og ófullnægjandi samskipti og tilfinningalegan óstöðugleika.
- Fást við sjálfseyðandi hegðun, glíma við aðlögunarskort, hvatvísi og reiði.

Kennarar og foreldrar verða að treysta á sýnilega breytta hegðun til að geta áttað sig á aðstæðum. Það að nemandi fari að draga sig í hlé, sýni depurð, kvíða eða aukna áreitni getur verið merki um það að viðkomandi verði fyrir eða beiti aðra samskiptaáreitni eða einelti.

1.3 Stuðningur foreldra

Erfitt getur reynst fyrir foreldra að viðurkenna að unglingurinn þeirra leggi aðra í einelti eða beiti árársargjarnri hegðun, það er einnig erfitt fyrir foreldra að horfa upp á börnin sín verða fyrir slíkrri hegðun. Það gagnast lítið að loka augunum fyrir slíku og takast ekki á við vandann. Foreldrar, kennarar og ráðgjafar verða að hafa tök á því að leita aðstoðar vegna vanlíðunar dætra sinna eða stúlkna í bekknum. Ráðleggingar eins og „hunsaðu þær,“ „ekki hlusta á þær,“ „þú kemst yfir þetta,“ „þetta líður hjá og þær fara að pirra einhverja aðra“ eru ekki sérlega uppörvandi fyrir einstakling sem á í félagslegum eða samskiptalegum vanda. Það þarf að kynna foreldrum betur og æfa þá í að þekkja einelti og árársargjarna hegðun. Foreldrar þurfa að þekkja mynstur í hegðun barna sinna til þess að geta áttað sig ef breytingar verða.

Ef við tengjum þessa umræðu stúlkum sérstaklega þá hafa foreldrar oft enga hugmynd um hvað dætur þeirra eru að gera, né heldur vita kennararnir það. Hegðun stúlkna getur verið dulin og þær eru ólíklegar til að þiggja stuðning ef eitthvað bjátar á. Kennarar þurfa að fá stuðning við að greina samskipti stúlkna, fá víðari sýn á hvernig á að vinna með þær og reynslu þeirra. Starfsfólk skóla þarf að átta sig á að stúlkur þurfa athygli jafnt á við drengi en erfitt getur reynst að sjá þarfir þeirra eða þær ekki ræddar m.a. vegna þess að stúlkur þiggja síður stuðning en drengir og því er oft auðveldara að horfa fram hjá erfiðleikum þeirra (Osler og Vincent, 2003, bls. 73–78).

Field o.fl. (2009, bls. 21–24) hafa vísað í óskráðar reglur sem tengjast hernaði í þeim tilgangi að aðstoða hina fullorðnu við að átta sig á stúlkunum og til að aðstoða þær í þeim aðstæðum sem þær eru í. Að þekkja reglurnar getur hjálpað fullorðnum að átta sig á hræðslunni, kvíðanum, reiðinni og þeim vonbrigðum sem stúlkur upplifa þegar þær kanna félagslegt bakland sitt. Reglurnar geta líka hjálpað ráðgjöfum og kennurum að átta sig á hegðun þegar þarf að takast á við áreitni eða einelti í skólasamfélaginu.

Þessar reglur hafa birst sem „norm“ eða óskrifaðar, ósagðar reglur en Field o.fl. (2009) hafa sett þær á blað og kallað „reglur um skuldbindingu“ (e. *rules of engagement*).

Regla 1: Vertu á verði

Þar sem samskiptaáreitni er fyrir hendi, verða ungar stúlkur og foreldrar þeirra að vera vakandi gagnvart hegðun vina eða jafningja og fylgjast með merkjum um árás. Ef eitthvað gerist getur það valdið stúlkum miklum kvíða, viðkvæmni og flóknum viðbrögðum. Unglingsstúlkur eru félagslega kvíðnari og afbrýðisamari en drengir, þörf þeirra fyrir samskipti og vináttu er meiri. Að upplifa sig berskjaldaða gagnvart öðrum getur valdið stúlkum kvíða, þirringi og álagi.

Regla 2: Þekktu valdastöðuna

Konur og karlar, ungir sem aldnir, skilja að sumir einstaklingar hafa meiri völd og áhrif en aðrir sem leiðir til félagslegrar stjórnunar á því sem sagt er eða gert. Á meðal unglingsstúlkna er félagsröðun eða píramídi sem ákvarðar hve mikla athygli hver stúlka fær, hve mikið aðrir reyna til að láta sér líka við hana, hvern hún mun hitta á stefnumóti og hve auðvelt það er fyrir viðkomandi að ná sér í stuðningshóp til að ná markmiðum sínum. Unglingsstúlkum finnst þær oft þurfa að vera meðvitaðar um þetta flokkunarkerfi og spila með því í samvinnu við „leiðtoga“ og „stuðningsmenn“ í skólanum.

Regla 3: Ástæða fyrir felulitum

Þó að margir unglingar þrái sjálfstæði og virki uppreisnargjarnir, er það að falla í hópinn mikilvægt fyrir unglunga sem vilja breiðan félagslegan stuðning. Hár, fatnaður, áhugamál og tólmundastarf eru leiðir sem einstaklingar nota til að falla í hópinn. Að fara eigin leiðir og fylgja ekki fjöldanum er fyrir unglingsstúlkur ávisun á að verða berskjaldaðri fyrir félagslegri árás, sérstaklega ef stúlka stendur sig vel í einhverju utan hópsins og hlýtur athygli frá drengjum. Þarna getur valdastaðan ruglast, hin félagslega klaufska stúlka, sem fylgir ekki tískunni og „drottning“ skólans geta báðar lent í vanda og orðið skotmörk samskipta- eða félagslegrar áreitni jafningjanna.

Regla 4: Þekktu óvin þinn

Ein mesta hindrunin í samskipta- og félagslegri áreitni er að gerandinn getur verið falinn. Unglingsstúlka getur upplifað „kulda“ frá ákveðnum hópi stúlkna án þess að vita hvers vegna eða hvar upptökin liggja. Þess vegna er það oft í höndum þolanda að kanna uppruna sárindanna. Það getur falist í því að spyrja aðrar sem virðast tengjast hópnum sem hunsar og útilokar. Þessi könnun getur leitt til vandamála þar sem árásin hefur kannski orðið vegna villandi upplýsinga, samskiptaleysis eða til skemmtunar. Margar stúlkur nota samskipta- og félagslega áreitni þar sem það leyfir þeim að virðast góðar og vinalegar við jafningjana og þolandinn getur því ekki áttað sig á hegðun þeirra. Margir gerendur þykjast ekkert kannast við hvað þolandinn er að tala um eða reyna að fá þolandann til að halda að það sem gerðist sé byggt á misskilningi.

Regla 5: Undirbúðu hópinn eða „berjast þegar ég segi berjast“

Þegar vandamál koma upp meðal unglingsstúlkna má reikna með að vinkonur standi saman. Slíkrar hegðunar er vænst og er hún prófsteinn á tryggð vinalópsins. Ef vinkona vegur salt eða tekur ekki málstað vinar geta orðið eftirköst í baráttunni. Að berjast getur orsakað ákveðna hættu á því að vinkonan geti orðið hluti af gerendum og því hægt að líta á hana sem svikara. Mögulegt vopn er að fá dreng sér til aðstoðar í baráttunni. Ef drengur er með getur baráttan orðið opnari og þar með komið gerendum í vanda.

Regla 6: Svik eru líkleg

Stúlkur sem yfirleitt fá litla athygli eru neðarlega í píramídanum, áhrifalittlar og óvinsælar, geta notað tækifæri til að öðlast hærri stöðu með því að taka þátt í ósætti. Þær standa á hliðarlínunni, fara með upplýsingar fram og til baka og sýna óheiðarleika í samskiptum sem sendiboðar. Þegar svik verða upplýst þarf fyrst að leiða saman helsu bardagaaðila. Þegar farið er í gegnum ósættið er eitt skrefið að

fá leiðtogann til að upplýsa sitt fólk um að bardaganum sé lokið og hætta eigi öllum óhróðri og öðru sem beitt hefur verið.

Regla 7: Ekki verðlauna fyrir hugrekki

Samskiptaáreitni er oft notuð vegna þess að hún virkar, sem þýðir að þeir sem nota hana fá oftast það sem þeir vilja með því að beita henni. Að skaða stúlku þannig að hún verði sár og gangi á vegg þegar hún leitar aðstoðar er sigur. Ef stúlka sýnir ekki geðshræringu eða bregst við samskipta- eða félagslegri áreitni, getur það valdið spennu hjá þeirri sem að árásinni stóð og hún getur eflst í hegðun sinni. Þá er gott fyrir stúlku sem verður fyrir áreitni að vita að gerandinn getur reynt enn frekar að skaða hana áður en hann gefst upp.

Regla 8: Friðarsáttmáli getur verið viðsjáll

Vegna hins óbeina eðlis samskipta- og félagslegrar áreitni geta unglingsstúlkur ekki sýnt beina reiði. Í mótvægi við drengi sem sýna oft reiði og jafnvel líkamlega tilburði gagnvart jafningjum telja stúlkur að þær geti síður tekist á við þann aðila sem þær hafa átt í ósætti við. Að halda einstaklingi berskjölduðum „neðanjarðar“ leyfir gerandanum að viðhalda hinni almennu ímynd sinni um sjálfstjórn og sakleysi. Ekki er hægt að gera friðarsáttmála ef stúlkurnar eru virkar í samkeppni um athygli, vinsældir og félagslega stöðu í jafningjahópnum (Field o.fl., 2009, bls. 21–24).

Mikilvægt er að leggja áherslu á jákvæð samskipti milli kennara og nemenda, milli nemenda og milli skóla og foreldra (Osler og Vincent, 2003, bls. 112). Það þarf að gera foreldra að meiri þátttakendum í skólasamfélaginu og efla samskipti þeirra við skólann þannig að foreldrar verði virkari í að hvetja dætur sínar til góðra verka. Upplýsa þarf foreldra fyrir um vandamál og benda þeim á þá ábyrgð sem á þeim hvílir í uppeldinu (Osler og Vincent, 2003, bls. 130–139; Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011., 5. gr.).

Foreldrar bregðast misjafnlega við þegar þeir átta sig á að dóttir þeirra beitir eða hefur orðið fyrir meintu einelti eða áreitni af hálfu skólasystkina. Það er skólans að gera foreldrum ljóst hvernig staðan er og hvernig æskilegt er að vinna með málið í samstarfi við foreldra. Foreldrar geta neitað aðkomu barna sinna að eineltismálum, þeir geta reiðst eða látið tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur. Varast skal ásakanir. Það þarf að byggja upp traust og benda foreldrum á hvað þeir geta gert til að styrkja dætur sínar. Mikilvægast er fyrir foreldra að hlusta. Hlusta á dætur sínar, sýna þeim traust, hvetja þær til að tala meira um vinina og vinahópinn og segja frá (Besag, 2006, 194–195; Field o.fl., 2009, bls. 78–80). Field o.fl. (2009, bls. 80–81) benda á atriði sem eru foreldrum mikilvæg í samskiptum við dætur sínar. Foreldrar eiga að reyna að átta sig á hugsunum, tilfinningum og þörfum stúlkanna og vina þeirra. Þeir geta spurt: „Hvað viltu fá út úr vináttunni?“ Þeir geta leiðbeint dætrum sínum um þau jákvæðu áhrif sem þær geta lagt til vináttunnar. Foreldrar geta farið í eða sett upp hlutverkaleiki með dætrum sínum, þar sem þær eru hvattar til sjálfskoðunar. Foreldrar eiga að forðast að skamma dætur sínar, þeir eiga að reyna að átta sig á viðhorfum þeirra og þeim hvötum sem samskiptin byggja á. Foreldrar eiga að gera dætur sínar meðvitaðri um afleiðingar hegðunar og hjálpa þeim við að leita aðstoðar. Þeir eiga að vera hvetjandi og styðjandi.

1.4 Bjargir skólans – leiðir til að takast á við erfið samskipti nemenda

Samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum ber öllum skólum að setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun, móta heildstæða stefnu til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. Markmið heildstæðrar skólastefnu í eineltismálum er að efla forvarnir og viðbrögð við einelti og

árásargjarnri hegðun. Til þess þarf skólinn að búa yfir aðferðum sem gagnast og hægt er að grípa til þegar upp koma erfið samskipti. Viðbrögð, hversu alvarleg sem samskiptin eru, ættu að mati Sharp o.fl. (2000, bls. 66) að:

- Vera skýr, einlæg og nákvæm og vera laus við niðurlægingu, kaldhæðni, árásir, hótanir og þvinganir.
- Birtast tafarlaust og vera fylgt eftir í langan tíma.
- Fela í sér skráningu á atburðum, þátttakendum og viðbrögðum.
- Fela í sér samvinnu við foreldra strax á fyrstu stigum íhlutunar.
- Veita nemendum tækifæri til að ræða sín á milli mögulegar lausnir á vandanum.

Úrræðaleysi getur einkennt vinnubrögð skóla þegar kemur að vinnu með einelti og erfið samskipti. Stundum má greina að reynt er að vinna með mál, en samt geta nemendur og foreldrar upplifað að ekkert sé gert eða að það skili engum árangri.

Stúlkur leita gjarnan eftir aðstoð hjá foreldrum, öðrum fullorðnum, systkinum og vinum. Aðstoðin er mismunandi eftir því hvert þær leita en byggir yfirleitt á trausti, öryggi eða von um að sá aðili sem leitað er til geti haft áhrif á þá atburðarás sem stúlkunum hugnast ekki. Þær sem skortir þennan stuðning eiga frekar á hættu útilokun. Stuðningur, sem stúlkurnar leita eftir innan skólans, getur falist í aðstoð sérfræðinga, stuðningsfulltrúa, félagsráðgjafa eða sálfræðings en aðgangur að þessum aðilum getur verið takmarkaður. Oftar en ekki er vísað til námsráðgjafa eða starfsfólks á göngum, skólahjúkrunarfræðings eða til stoðþjónustu skólans (Osler og Vincent, 2003, bls. 101). Kennarar eru sannarlega hluti af myndinni, en þeir gegna flóknu hlutverki gagnvart nemendum, sem gerir að stúlkur eru tregari til að leita til þeirra með tilfinningaleg vandamál. Þeim finnst erfitt að ræða það sem særir þær djúpt við einhvern sem síðar kemur að námsmati þeirra eða setur þeim fyrir heimaverkefni (Dellasega og Nixon, 2003, bls. 106). Yngri stúlkum þykir erfitt að snúa sér til fullorðinna með vandamál meðan eldri stúlkur eru færar um að tengjast einhverjum styðjandi, hjálpsömum fullorðnum einstaklingi og segja frá. Þær leita til kennara, ráðgjafa eða stjórnenda (Letrende og Smith, 2011, bls. 51). Mörgum stúlkum þykir betra að tala við kvenráðgjafa meðan drengjum er alveg sama við hvort kynið þeir tala (Osler og Vincent, 2003, bls. 131).

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að gerendum sé ekki refsað heldur stuðst við lausnamiðaðar leiðir til að takast á við vandann. Nemendur ræða við kennara um hvernig bæta megi stöðu þeirra sem beita eða orðið hafa fyrir einelti eða áreitni. Unnið er einstaklingslega og í hópum, þar sem unnið er með viðhorf hópsins og þrýsting félaga til að hafa áhrif á gerendur og þeir fengnir til að hætta hegðun sinni. Þá er talið mikilvægt að koma á samskiptareglum sem hjálpa nemendum að lifa saman í sátt og samlyndi innan sama skóla (Allen, 2010, bls. 204; Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Sif Einarisdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir, 2007, bls. 9, 27; Field o.fl., 2009, bls. 98–99; Olweus, 2006, bls. 46–47; Sharp o.fl., 2000, bls. 67–72).

Nefndar eru tvær aðferðir sem henta sérstaklega vel þegar unnið er með hegðun stúlkna. Hugræn atferlismeðferð (e. *cognitive behavioral approaches*) leiðir stúlkur til meðvitaðri hugsana tengdum tilfinningum og hegðun sem hjálpar þeim að taka ákvörðun um hvaða hugsanir þær geta notað til að bæta líðan sína. Síðan er það lausnaleit (e. *solution-focused theory*) sem leggur áherslu á að skoða þær leiðir sem eru færar út úr vandanum. Litið er á styrkleika hvernar stúlkú og henni leiðbeint við að setja sér markmið sem byggja á þeim (Field o.fl., 2009, bls. 70–71).

Flestar íhlutanir eða áætlanir sem fela í sér vinnu með stúlkur í vanda gera ráð fyrir að stúlkunum sé kennt að breyta hugsunarhætti sínum og hegðun. Reynt er að efla hæfileika þeirra til að standa frammi fyrir þeim breytingum sem unglingsárin færa þeim. Gefa þarf stúlkunum tækifæri til að ræða saman um þau félagslegu skilaboð sem ætluð eru ungum stúlkum í dag, mikilvægi félagsstengsla, sjálfsvirðingar og félagslegrar samkenndar. Þeim er kennt að nota félagslega færni á jákvæðan hátt í

samskiptum innbyrðis. Þá kynnast þær aðferðum við lausn mála á hreinskilinn hátt frekar en eyðileggjandi. Íhlutun í samskipti stúlkna hefur það að markmiði að draga úr árekstrum milli þeirra og leggja áherslu á að innræta þeim að skoða samskipti og líta í eign barm (Letendre og Smith, 2011, bls. 49). Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða í nemendahópi þar sem samskiptaáreitni á sér stað í því skyni að bæta samskiptin og skólaandann. Þegar gerð eru áform um vinnu með samskiptaáreitni og einelti þarf að skilgreina og staðsetja breiðan flokk vandamála sem skólinn telur að falli innan árásargjarnrar hegðunar. Þar má bæði nefna andlega og yrta áreitni (Goldstein o.fl., 2008, bls. 652).

Í aðferð Field o.fl. (2009) er stuðst við íhlutun í skólastarf vegna eineltismála og samskiptavanda. Aðferðin byggir að miklu leyti á vinnu með stúlkur. Lagt er til að allt skólastarfið sé skoðað í þeim tilgangi að vinna með forvarnir í skólanum og byggja upp jákvæðan skólabrag. Þau líta til þriggja stiga í vinnu með skólasamfélagið ef um samskiptavanda eða einelti meðal nemenda er að ræða (Field o.fl., 2009, bls. 55–56).

Fyrsta stigið lýtur að heildarskipulagi forvarna í skólanum, fræðslu fyrir starfsmenn og nemendur og fræðslu og upplýsingum sem foreldrar fá. Þar á skólinn að leggja áherslu á forvarnir með því að kenna samskiptafærni og aðferðir til þess að leysa vandamál og síðan að vinna með viðhorf og ágreining meðal nemenda (Field o.fl., 2009, bls. 60–62). Umsjónarkennarar sjá um þá vinnu. Þeir geta stuðst við lesefni, myndbönd og notað hlutverkaleiki í bekknum til að auðvelda umræður og um leið bent á að samvinna skiptir öllu máli við að leysa verkefni. Lífsleiknitímar eða bekkjarfundir henta vel til umræðna þar sem allir leggja eitthvað til málanna og trúnaður ríkir í hópnum. Hægt er að láta nemendur skrifa um viðhorf sín til eineltismála.

Annað stigið felur í sér meiri íhlutun í skólastarfið. Skoða þarf skólanámskrána og tryggja að hún feli í sér yfirgripsmikla forvarnar- og eineltisáætlun. Í áætluninni verður áherslan að vera á félagslega hæfni nemenda, innsýn, ákveðni, lausnaleit og vinnu með tilfinningar og reiðistjórnun. Bekkjarfundir, sem umsjónarkennarar stýra, verða að vera hluti af skipulagi árganga þar sem farið er með alla nemendur í gegnum hin ýmsu form eineltis og stefna skólans í eineltismálum kynnt og rædd. Á þessu stigi er reynt að bera kennsl á og staðsetja einelti og áreitni, sé það fyrir hendi, og vinna með óæskilega hegðun á breiðari grunni en bara inni í kennslustofunni (Field o.fl., 2009, bls. 63). Þetta stig felur í sér stærri íhlutun í skólastarfið en það sem fram fer í skólastofunni og þurfa skólastjórnendur að koma að vinnunni. Þeir þurfa að tryggja að skýr eineltisstefna sé í skólanum og að ákveðin vinna fari í gang ef grunur um meint einelti vaknar. Skóli með skilvirka eineltisáætlun þarf að mennta starfsfólk sitt og aðstoða það við innleiðingu námskrár um forvarnir. Foreldra þarf að upplýsa um það forvarnarstarf sem fram fer í skólanum, foreldrafundir og fundir þar sem nemendur kynna verkefnið eru tilvaldir til þess. Field og félagar (2009, bls. 63) hafa skilgreint þá þætti í góðri skólanámskrá sem efla félagshæfni og draga úr einelti. Í fyrsta lagi á að byrja snemma að kenna félagsfærni og fylgja því eftir í gegnum allan grunnskólann með viðfangsefnum sem henta hverju þroskastigi. Í öðru lagi þarf að tengja félagsfærni inn í skólanámskrána. Í þriðja lagi verða starfsmenn að átta sig á og vera vakandi yfir hvaða nemendur geta verið í hættu, t.d. nemendur sem sýna merki um vanlíðan eða stress. Í fjórða lagi þurfa stjórnendur og starfsfólk að gefa sig að nemendum þannig að þeir tengist skjólstaðingum sínum. Einnig er mælt með litlum umræðu- eða rökræðuhópum nemenda undir stjórn kennara. Þjálfar þarf starfsfólkið reglulega og að síðustu þarf að meta kerfisbundið hvernig gengur og hvaða áhrif íhlutunin hefur á skólastarfið.

Þriðja stigið byggir á vinnu með þá einstaklinga sem eru í hættu eða eru þegar tengdir inn í mál eineltis eða áreitni. Á þessu stigi fer fram vinna með einstaklinga eða hópráðgjöf í litlum hópum, umræðuhópum, sem stýrt er af námsráðgjafa eða umsjónarkennara. Þar er stuðningur stjórnenda, kennara og foreldra nauðsynlegur. Þá þarf að gera skýra grein fyrir markmiðum umræðuhópa, upplýsa um skipulag, þannig að allir leggi eitthvað til vinnunnar. Skipuleggja þarf vandlega starfið í hverjum

umræðuhópi með tilliti til hópsins og námskrárinnar. Stuðningur skólastjórnenda þarf að vera fyrir hendi ásamt leyfi foreldra. Það sama á við þegar unnið er með nemendur einstaklingslega (Field o.fl., 2009, bls. 66–70).

Umræðuhópar eins og Field o.fl. (2009, bls. 67) mæla með geta komið að góðum notum í vinnu með stúlkur sem hafa átt í erfiðum samskiptum eða einelti. Litlir hópar henta vel stúlkum til að ræða saman um samskipti þeirra og vandamál. Stúlkurnar fá þjálfun í að hugsa á gagnrýninn hátt um hvað samskipta- og félagsleg áreitni er. Vegna þess hve samskiptaáreitni getur gegnsýrt allt þarf ráðgjafinn að hafa í huga að hugsanlega hafi stúlkurnar bæði verið í hlutverkum þolanda og geranda á sama tíma. Umræðufundir geta líka reynst vel fyrir stúlkur þar sem þær tengjast hver annarri og geta talað um svipaða reynslu um leið og þær læra að takast á við árekstra og samkeppni við jafningjana. Nærgætin leiðsögn ráðgjafa getur byggt upp jákvæðni meðal stúlkanna um að berjast gegn samskipta- og félagslegri áreitni.

Stuðningur stjórnenda, kennara og foreldra er nauðsynlegur. Gera þarf öllum grein fyrir markmiðum umræðufundanna og upplýsa um skipulag þeirra. Það þarf að fá alla til leggja eitthvað til samstarfsins. Sýna þarf nærgætni þegar fjallað er um hópinn og gott er að fá þær sem mynda hópinn til að setja niður á blað hvers þær vænta af hópastarfinu.

Þegar umræðuhópur er settur af stað þarf að:

- Nota viðeigandi (aldurstengt) skipulag sem er fjölbreytt og skemmtilegt.
- Tryggja samþykki og stuðning skólastjórnenda.
- Skipuleggja allt vandlega (hve margir fundir, hvar og hvenær).
- Mælast til að kennarar leggi sitt af mörkum, eins og að vísa stúlkum í hópinn.
- Auglýsa umræðufundina fyrir stúlkur (auglýsingar á töflu og tilvísanir frá námsráðgjafa).
- Kanna tilvísanir, þar á meðal áhuga stúlkna og finna hverjar henta saman í umræðuhóp.
- Afla upplýsinga um þær stúlkur sem koma til greina í hópinn, vanda valið.
- Sjá til þess að leyfi foreldra sé til staðar.
- Fá skriflegar væntingar stúlkanna í hópnum og loford þeirra um að fylgja málstaðnum.

Minna þarf stúlkurnar á að láta kennara vita þegar þær eru á umræðufundum. Þá getur hann styrkt þær í því sem þær eru að gera og um leið upplýst um það sem fram fer í kennslustundinni sem þær missa af (Field o.fl., 2009, bls. 68).

Field og félagar (2009, bls. 96) settu saman námskrá fyrir umræðufundi í þeim tilgangi að aðstoða stúlkur við að þroska heilbrigða samskiptafærni hver gagnvart annarri og vinna úr árekstrum á viðeigandi hátt. Hópmeðferð getur verið öflugri en einstaklingsráðgjöf þar sem hún gefur stúlkum færi á að hlusta og læra hver af annarri í öruggu, styðjandi og uppbyggjandi umhverfi. Stúlkurnar þurfa að átta sig á hvað felst í heilbrigðum vinskapi og hvernig hægt er að vinna úr erfiðum samskiptum á jákvæðan hátt. Sum vinátta er svo sterk að hún getur haldið áfram þrátt fyrir árekstra. Stúlkur verða að geta áttað sig á að það er ekki gott að halda í vinskapi þar sem alltaf er tilfinningaleg spenna.

Í litlum hópi getur meðferð og umræða farið fram með umhyggju (m.a. með því að hjálpa öðrum með eigin framlagi), yfirsýn (átta sig á að það eru ekki bara stúlkur sem lenda í vandræðum með vini og þær hugsanir og tilfinningar sem því fylgja), væntingum (að heyra hvernig öðrum hefur tekist að vinna sig í gegnum vandræði með vini) og félagslegu námi (heyra hvernig aðrir hafa tekist á við vandamál og tileinka sér þá leikni og um leið fá svörun frá stúlkunum í hópnum). Þetta hentar sérstaklega vel í vinnu með unglingum.

Skólar hafa val um fleiri leiðir þegar unnið er með einelti eða erfið samskipti nemenda. Agastefnur með forvarnargildi og ýmsar forvarnar- og meðferðaráætlanir eru til sem skólar geta tileinkað sér. Má þar nefna eineltisáætlun Olweusar (2006) og á svipuðum nótum er nálgun Besag (2006) þar sem hugað er sérstaklega að stúlkum. Þeirra aðferðafræði byggir á að bekkjarstjórnun, bekkjarfundir,

bekkjareglur og bekkjarbragur skipta máli. Þátttaka starfsmanna þar sem samræmd viðbrögð þeirra og þekking um hvað þarf að gera er rædd á umræðufundum og eftirlitskerfið er krufið. Sharp o.fl. (2000) vitna í kenningar Anatol Pikas, sem lítur á einelti sem hópoðbeldi vegna þess að það felur í sér árás gegn einstaklingum. Unnið er út frá því að gerendur átti sig á þeirri vanlíðan sem þeir valda með hegðun sinni en forðast er að nota ásakanir. Önnur nálgun á úrvinnslu eineltismála kemur frá Rigby (2012). Hann leggur áherslu á að skoða þær fýsnir eða langanir sem liggja að baki verknaði. Kanna hvað hvetji einstakling til árásargjarnrar hegðunar og reyna að tengja það þeim fýsnum sem hegðunin reyni að fullnægja. Að lokum má nefna Allen (2010, bls. 200–204) sem segir að einelti sé kerfisbundið vandamál sem allir starfsmenn skóla þurfi að vera meðvitaðir um. Hún setur fram fimm skrefa viðbragðsáætlun vegna tilkynninga um einelti og vinnu með það og vill takamarka umhverfisáhrif á nemendur.

Nauðsynlegt er að fylgja eineltismálum eftir. Ef einelti eða árásargjörn hegðun hefur átt sér stað og skólinn hefur sett í gang ferli til að vinna eftir þarf að fylgjast með málinu þar til það er úr sögunni. Olweus segir að mikilvægt sé að samhæfa allt eftirlitskerfi skólans til að „tryggja að hinn minnimáttar sé ekki skilinn eftir varnarlaus gagnvart nýju áreitni“ (Olweus, 2006, bls. 41). Hann bendir á að allir starfsmenn þurfi að vera upplýstir og vakandi gagnvart framkomu og áreitni nemenda og grípa þurfi umsvifalaust til aðgerða til að vernda viðkomandi. Nemendur þurfa að láta vita ef áreitni eða árásargjörn hegðun heldur áfram eftir íhlutun (Field o.fl., 2009, bls. 92). Viðtöl við einstaklinga eða hópa þurfa að fara fram með reglulegum hætti þar til tryggt er að einelti eða áreitni sé örugglega lokið. Kennarar þurfa að sýna að þeir fylgist með og taki málið alvarlega. Ef hópurinn stendur ekki við það sem var ákveðið þarf að vinna áfram með einstaklingana, fá þá í viðtöl og höfða til ábyrgðar hvers og eins í hópnum gagnvart áreitinu (Roland og Vaaland, 2003, bls. 41).

Ein leið til eftirfylgni er að gera langtímaáætlun fyrir þær stúlkur sem verða oftast en aðrar þolendur árásargjarnrar hegðunar. Þessi áætlun þarf að byggja á því að gera stúlkurnar meðvitaðri um eigin styrkleika og gæði vináttunnar. Það þarf að hjálpa þeim að nálgast þá sem gætu svarað kalli um vináttu og hvetja þær til að reyna að eignast vini t.d. með því að fá þær til að ræða hvaða stúlkur þær gætu hugsað sér sem vinkonur eða hvort þær viti um stúlkur sem hugsanlega vildu vera vinkonur þeirra. Þá er hægt að koma á vina eða námshópum þar sem eru stúlkur með svipaða hæfileika og áhugamál. Þessu þarf að fylgja eftir af umsjónarkennara eða ráðgjafa sem aðstoðar stúlkurnar við samskiptin (Field o.fl., 2009, bls. 93). Öll eftirfylgni kostar aukið eftirlit og meðvitund allra starfsmanna skólasamfélagsins um vandann. Upplýsingar þurfa að berast til foreldra, halda þarf reglulega fundi ráðgjafa eða umsjónarkennara með þolendum, gerendum og foreldrum þar sem farið er yfir stöðuna og nauðsyn þess að stúlkurnar segi frá.

Þær aðferðir við íhlutun í skólastarf, vegna eineltis eða áreitni, sem nefndar eru hér að framan gera ráð fyrir að það takist að ljúka málum á farsælan hátt. Ekki er það alltaf svo. Ef ekki tekst að vinna með mál í skóla má vísa því til yfirmanna skólamála í héraði sem þá leita leiða til aðstoðar og úrlausna. Síðasta úrræði ef ekki tekst að vinna með einelti eða áreitni í heimabyggð er að vísa málinu til fagráðs um einelti sem komið var á skv. reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Fagráðið skoðar og metur mál sem því berast en þangað eiga ekki erindi önnur mál en þau sem hefur ekki náðst að leysa innan skóla eða sveitarfélags þrátt fyrir aðkomu allra hlutaðeigandi aðila (Mennta- og menninga-ráðgjafuneytið, e.d.).

Ekki eru allir sammála um að íhlutun í allt skólasamfélagið geti verið af hinu góða. Letendre og Smith (2011, bls. 49) telja að íhlutun sem hefur áhrif á allt skólaumhverfið og feli meðal annars í sér að byggja upp færni stúlkna, geti verið viðsjárverð, sérstaklega ef hún er lögð fyrir yngri stúlkur. Varasamt sé að fara með þær í svona áætlun, þar sem ungar stúlkur geti aðlagð það kyngverðri dagskrá sem getur leitt til samskiptaáreitni eða stúlknaofbeldis.

Áætlun verður að miða að öruggu skólaumhverfi þar sem dregið er úr áreitni í samskiptum og stuðlað er að samskiptum sem byggja á jákvæðni og virðingu. Það er hagur allra sem tengjast skólasamfélaginu, starfsmanna skólans, foreldra og nemenda að byggja upp umhverfi þar sem nemendum líður vel, þar sem væntumþykja og samkennd eru ríkjandi og samstarf er um skólabraginn og skólastarfið.

1.5 Samantekt og rannsóknarspurningar

Í upphafi kaflans voru settar fram skilgreiningar á hugtökunum einelti og áreitni. Þá var fjallað um samskipti stúlkna og því fylgt eftir í nokkrum undirköflum. Kenningar um það hvers vegna stúlkur nota samskiptaáreitni voru skoðaðar. Kenningarnar segja okkur að stúlkur hafi mikla þörf fyrir að keppa hver við aðra og að falla í hópinn. Fjallað var um stúlkurnar og vinkonuhópin en vinátta og vinsældir skipta stúlkur miklu máli. Tryggð vinkvenna og traust er stúlkum mikilvægt. Einkenni þolenda og gerenda voru til umfjöllunar. Þar kom fram að erfitt getur verið að átta sig á samskiptaáreitni og hverjir eru þolendur og gerendur hennar. Kafli um það hvernig foreldrar geta stutt dætur sínar kom næst. Þar var m.a. farið í gegnum nokkrar reglur sem foreldrar geta haft til viðmiðunar til að átta sig á dætrum sínum og þeim aðstæðum sem þær eru í. Fjallað var um bjargir skólans og þær leiðir sem skólinn getur farið til að vinna með erfið samskipti nemenda. Áhersla var lögð á umfjöllun um aðferð Field o.fl. (2009). Aðferðin er þrískipt og var fjallað um öll stig hennar en aðaláherslan lögð á þriðja stigið. Þar er fjallað um umræðufundi sem eina leið til að vinna með stúlkur í vanda. Þá var rætt um mikilvægi þess að fylgja málum eftir þar til þeim er endanlega lokið.

Í framhaldi af umfjöllun um fræðin eru rannsóknarspurningarnar settar fram. Markmið rannsóknarinnar var annars vegar að öðlast dýpri skilning á einelti meðal stúlkna og erfiðum samskiptum þeirra og hins vegar að þróa leið sem gæti nýst þegar unnið er með einelti og erfið samskipti í stúlknaþópum. Leitað var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Í hverju felst samskiptavandi stúlkna í einum ákveðnum hópi í grunnskóla?
- Hvernig nýtist aðferð umræðufunda í vinnu með hóp stúlkna sem eiga í erfiðum samskiptum?